

Nr. 448

6. maí 2013

AUGLÝSING um deiliskipulag í Fjarðabyggð.

Naust 1 – Norðfjarðarhöfn og nágrenni.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2013 deiliskipulag fyrir Naust 1 – Norðfjarðarhöfn og nágrenni.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem er neðan Norðfjarðarvegar og nær frá flugvelli í suðri að móturnum Norðfjarðarvegar og Strandgötu í norðri. Í deiliskipulaginu eru tveir skilgreindir landnotkunarreitir. Iðnaðarsvæði I1, þar sem er aðveitustöð og nokkur smærri þjónustufyrirtæki, s.s. bíla- og trésmíðaverkstæði. Hafnarsvæði H1, þar sem er hafnaraðstaða, stór fiskvinnslufyrirtæki og þjónusta við útgerð.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlutið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 6. maí 2013.

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. maí 2013